



Eftirfarandi póstur var sendur á skólaráð Grunnskóla Borgarfjarðar 12.nóvember 2024:

Hefð er fyrir því að starfsmenn Grunnskóla Borgarfjarðar fari erlendis í skólaheimsóknir/námsferð á þriggja ára fresti haust og vor til skiptis.

Í vor stendur til að fara til Tenerife strax eftir skólaslit (sjá dagskrá hér fyrir neðan) en nú er komin upp sú staða að óskað er eftir því að færa brottfarardag fram um einn dag. Þá þyrfti að hafa síðasta daginn 3.júní tvöfaldan skóladag með því að skólaslitin verði seinni partinn þann dag.

Þar sem þetta er breyting á skóladagatali þarf að bera hana undir skólaráð og er það gert hér með. Treystir skólaráðið sér til að taka umræðuna í tölvupósti eða viljum við funda um málið?

Umsögn skólaráðs vegna óska um breytingar á skóladagatali.

Skólaráð hefur fjallað um málið. Skólaráð samþykkir tilfærslu á skólaslitum en vill að það verði skoðað betur hvaða dagur verði tvöfaldur. Umræða skapaðist um hvort ekki væri betra að skólaslitin fengju alveg sér dag til að halda í ákveðinn hátíðleika. Þá mætti einhver annar dagur vera tvöfaldur.

Umsögnin send á sviðsstjóra fjölskyldusviðs í tölvupósti 12. nóvember 2025

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir